



Allsherjarnefnd Efri deildar Alþingis
Alþingi
v/Austurvöll,
101 Reykjavík.

REYKJAVÍK

12. desember 1990

Alþingi
Erindi nr. P 113 / 282
komudagur 19 / 12 19 90

Alþýðusambandi Íslands hafa borist til umsagnar frumvörp til laga um gjaldþrotaskipti o.fl. mál nr. 97, og frv. til laga um skipti á dánarbúum o.fl. mál nr. 104.

Miðstjórn ASÍ hefur fjallað um málin í einu lagi þar sem þau eru tengd og sendir frá sér eftirfarandi umsögn.

Frumvörp þau sem hér eru til umfjöllunar hafa verið samin í samráði við réttarfarsnefnd. Þeim er m.a. ætlað að leysa af hólmi skiptalög sem hafa gilt hér á landi að mestu óbreytt frá árinu 1878. Á vinnslustigi var haft samráð við ASÍ um útfærslu ákveðinna þátta og var fullt tillit tekið til sjónarmiða okkar.

Þær breytingar sem hér er verið að leggja til lúta m.a. að samræmingu reglna vegna nýrra laga um dómssvald. Einnig er lagt til að ákveðin atriði séu flutt úr skiptalögum yfir í gjaldþrotalög.

Alþýðusambandið mælir með samþykkt þessara frumvarpa og gerir engar athugasemdir við frumvarp til laga um skipti á dánarbúum o.fl.

Athugasemdir Alþýðusambandsins varðandi gjaldþrotalög lúta einkum að tengslum laganna við lög um ríkisábyrgð á launum nr. 88/1990, en þeim lögum er ætlað að tryggja launafólki sem starfað hefur hjá fyrirtæki sem verður gjaldþrota greiðslu vangreiddra launa.

1. Í frv. til gjaldþrotalaga er lagt til að skipaðir verði sérstakir skiptastjórar í öllum gjaldþrotum og að sá sem krefst gjaldþrotaskipta verði ábyrgur fyrir greiðslu kostnaðar af störfum skiptastjóra ef eignir búsins standa ekki undir þeim útgjöldum. Í athugasemdum með frv. kemur fram að þessu er ætlað að draga úr þeim fjölda gjaldþrota sem hér verða þar sem í 85-90 % allra gjaldþrota koma engar eignir til skipta. Kröfuhafar myndu hugsa sig tvisvar um áður en krafist væri gjaldþrots yfir eignalausum mönnum, en eins og kunnugt er er verulegur hluti gjaldþrota að kröfu innheimtumanna ríkissjóðs sem lokastig árangurslausra innheimtuaðgerða. Alþýðusambandið fagnar allri viðleitni í þá veru að draga úr fjölda gjaldþrota og minnir á yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga í maí 1989. Þetta má þó ekki verða til þess að launafólki verði gert erfiðar fyrir en nú er að fá laun sín greidd frá illa stöddum fyrirtækjum. Forsenda fyrir ríkisábyrgð á laun er að fyrirtæki hafi verið úrskurðað

gjaldþrota. Ekki er óalgengt að launafólk þurfi sjálft að knýja á um að fyrirtækið sé tekið til gjaldþrotaskipta, með því að fá dóm fyrir launakröfu sinni og láta gera árangurslaust fjárnám svo að hægt sé að krefjast gjaldþrota. Verði kostnaður við þá framkvæmd verulega hærri en nú er kann að verða torveldara fyrir launafólk að ná fram rétti sínum.

2. Í 3. mgr. 112. gr. frv. um gjaldþrotaskipti er kveðið á um að þeir sem séu nákomnir þrotamanni, þeir sem sæti hafi átt í stjórn eða hafi haft með höndum framkvæmdastjórn félags eða stofnunar útilokist frá því að njóta forgangskrafna í bú vegna launa sinna. Við þetta eru gerðar eftirfarandi athugasemdir:

Nauðsynlegt er að samræma 3. mgr. 112. gr. og 5. gr. laga nr. 88/1990 um ríkisábyrgð á launum. Eins og frv. er úr garði gert og eins og 5. gr. ríkisábyrgðarlaganna var breytt á sl. vori gæti launafólk útilokast frá ríkisábyrgð á launum á grundvelli laga um gjaldþrotaskipti, en ætti fullan rétt skv. lögum um ríkisábyrgð á launum.

Í 3. gr. frv. er skilgreint hverjir teljist nákomnir. Ekki er skilgreint í þeirri grein hvað átt sé við með hugtakinu "óvígð sambúð". Ekki er heldur skilgreint hvað átt sé við með að eiga "verulegan hluta" í félagi.

F.h. miðstjórnar ASÍ,



Þráinn Hallgrímsson,
skrifstofustjóri.